

797. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 10. janúar, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sverri Auðunsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn þá sérstaklega nýjan stjórnarmann.

Dagskrá:

- 1. Erindi dags. 12.12.2023 frá Kadeco v. hjólaleið á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins.*
Stjórn S.S.S. tilnefnir Eysteinn Eyjólfsson formann Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja í samstarfsvettvanginn og Ingbór Guðmundsson til vara.
- 2. Afrit af samningi á milli Ferðamálastofu og Áfangastaðastofu Reykjanes 2024.*
Lagt fram til kynningar.
- 3. Afrit af viðaukasamningi við Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024.*
Um er að ræða viðaukasamning að upphæð kr. 10.000.000,- vegna ráðstefnu evrópskra jarðvanga sem haldinn verður daganna 2.-4. október 2024 á Reykjanesi. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn.
- 4. Afrit af umsögn Suðurnesjabæjar dags. 18.12.2023 vegna frumvarps til laga um jöfnunarsjóð.*
Fulltrúi Suðurnesjabæjar fylgdi umsögninni eftir en skv. pósti dags. 9. janúar frá Innviðaráðuneytinu hefur frumvarpinu verið frestað. Framkvæmdastjóra S.S.S. er falið að óska eftir fundi með þingmönnum Suðurkjördæmis vegna málsins.
- 5. Minnisblað frá Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs um viðbótarframlag til landshlutasamtakanna v. Sóknaráætlunar Suðurnesja.*
Lagt fram til kynningar. Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að vinna verkefnið áfram.



6. *Starfsáætlun Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2024-atvinnuþróun.*
Lagt fram.
7. *Samantekt um Grindavík – lýðfræði og atvinnulíf.*
Lagt fram.
8. *Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2023 – Brimketill.*
Stjórn S.S.S. fagnar því að Brimketill hefur hlotið umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir árið 2023. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1995 og er þetta því í 29. sinn sem þau eru afhent. Verðlaunin eru nú í áttunda sinn veitt fyrir verkefni sem hlutu styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og voru til fyrirmyndar.
9. *Málefni framhaldsskóla á Suðurnesjum – framhald frá síðasta fundi.*
Stjórn S.S.S. samþykkir erindið um viðbyggingu á verkmenntaaðstöðu við Fjölbrautaskóla Suðurnesjum og felur framkvæmdastjóra að áfram senda erindið til aðildarsveitarfélaga sinna. Stjórnin bendir á að mikilvægt er að vinna greiningarvinnu betur en fram kemur í minnisblaði.
10. *Heimsókn frá Stýrineti Stjórnarráðsins.*
Fulltrúar Stýrinetsins komu á fund stjórnar S.S.S. með það að markmiði að fara yfir Sóknaráætlun landshlutans. Að loknum fundi er gert ráð fyrir heimsóknum til stofnanna og fyrirtækja sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.
11. *Önnur mál.*
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Sverrir Auðunsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Berglind Kristinsdóttir